

60. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima

16. 12. 2012, kl. 8:00

Fundargerð

Fundarstjórn: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Eyjólfur Guðmundsson

Mætt: Davíð Arnar Stefánsson, Bryndís Hólmarsdóttir, Helga Árnadóttir, Vilhjálmur Magnússon, Olga Ingólfssdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Guðrún Sturlaugsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson og Þórarinn E. Sveinsson.

Forfölluð: Þorvarður Árnason

Gestur/-ir: Þórarinn E. Sveinsson

Efni:

1. Hugarflug vegna áhersluverkefna SASS – Guðrún og Þórarinn

Guðrún kynnir hugarflug vegna áhersluverkefna fyrir SASS næsta árs. Fyrri áhersluverkefni eru verkefni eins og menntalestin og áhersla á miðsvæðið. Verkefnin þurfa að uppfylla skilyrði í áherslum árána 2016-2020. Ræddar hugmyndir um að efla símenntun, leggja áherslu á umhverfismál, endurnýtingu á fötum, tækjum og öðrum hlutum sem hægt er að endurnýta. Guðrún mun dreifa upplýsingum um þetta.

2. Verkefnastjóri eða forstöðumaður Nýheima? – Davíð

Rætt vítt og rifjaðar upp ástæður fyrir því að starfsheitið verkefnastjóri var valið frekar en forstöðumaður. Ákveðið að breyta heiti verkefnastjóra í heitið forstöðumaður en starfslýsing verði þó óbreytt að öðru leyti svo og laun. Gert vegna ráðningar verkefnastjóra sem er undirmaður forstöðumanns.

3. Rýmisumræða á frumkvöðlagangi – Guðrún og Davíð

Rædd hugmynd um að gera hornið við inngang á frumkvöðlagangi vistlegra þó án þess að breytingar raski vinnufriði. Davíð gengur í málið.

4. Önnur mál

a. Helga tilkynnti að það verði opið hús í Gömlubúð á Þorláksmessu

b. Eyjólfur fór yfir stöðu mála varðandi kaup á hljóð- og myndbúnaði fyrir sala og miðsvæði.

Kristín Hermannsdóttir

Eyjólfur Guðmundsson